

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 13. maí 2011 |
| 10.4.2 |
| Tilv. _____ |

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2011
Tilvísun: UST20110300094/jbw

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna tveggja frístundalóða í landi Miðengis

Umhverfisstofnun barst erindi frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps dags. 17. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshreppi 2008-2020 vegna tveggja lóða í landi Miðengis. Breytingin fellst í skráningu lóðanna sem íbúðarhúsalóðir sem áður voru frístundahúsalóðir.

Aðalskipulagssvæðið - lóðirnar

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru lóðirnar skráðar sem frístundalóðir og eru á u.þ.b. 1 ha skógivöxnu svæði í landi Miðengis við Álftavatn. Lóðirnar liggja á milli austurbakka Álftavats og Sogsvegur (þjóðvegi nr. 36). Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið og eru lóðirnar hvor um sig um 0,5 ha að stærð. Á lóðunum hafa verið byggð frístundahús og í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni kemur fram að gert sé ráð fyrir að þau breytist í íbúðarhús án umfangsmikilla breytinga og fela þær ekki í sér breytingu á byggingarmagni innan lóðanna.

Náttúruminjaskrá, vernd

Á uppdætti með tillögu að breyttu aðalskipulagi má sjá að frístundalóðirnar eru staðsettar innan svæðis nr. 747 á náttúruminjaskrá, **Alviðra og Sog**, og innan svæðis nr. 772, **Kringlumýri og umhverfi**. Þessi tvö svæði á náttúruminjaskrá skarast þar sem frístundalóðir eru staðsettar. Innan svæðis nr. 747 er Álftavatn allt með eyjum og mýrlendi vestan vatnsins og er fjölbreyttur gróður, fuglalíf og kjörið útivistarsvæði verndargildi svæðisins í náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðis nr. 772 í náttúruminjaskrá eru smámýrarsund innilokuð af hrauni.

Vegna þess að frístundalóðirnar tvær liggja innan framangreindra svæða á náttúruminjaskrá telur Umhverfisstofnun brýnt að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki á lóðunum og að fyllstu varúðar verði gætt við allar framkvæmdir þrátt fyrir að breytingar á íbúðarhúsum eða

öðrum mannvirkjum verði ekki umfangsmiklar.

Í greinargerð með breytingartillögunni kemur fram að umræddar lóðir eru á skógivöxnu svæði. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að náttúrulegu birki- og víðikjarri/skógi á svæðinu verði vandlega hlíft við allar framkvæmdir/jarðrask á lóðunum, sbr. 39. grein í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fjallað er um vernd skóga og annarra gróðursamfélaga, m.a. vernd og eflingu birkiskóga, sem og stefnumörkun stjórnvalda til 2020, **Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi**, þar sem fram kemur að „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands*“. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar um **Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga** frá mars 2007 er skilgreining birkiskóga „...land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund í gróðurfari óháð hæð, krónuþekju og stærð svæðis“.

Almannaréttur


Vegna nálægðar frístundalóðanna við austurbakka Álftavatns bendir Umhverfisstofnun á 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem segir eftirfarandi: „óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna“ og kafla 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 um að ekki megi byggja nær vötnum en 50 m.


Fráveita og skólp

Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps er rotþró á hvorri umræddri frístundalóð. Vegna breytingar á notkun svæðisins þ.e. úr frístundanotkun í fasta búsetu sem og nálægðar við Álftavatn minnir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að ströngustu kröfum um rotþrær/fráveitur sé fylgt, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir, og um úrgang, sbr. reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003. Sveitarstjórnir skulu samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru tæma seyru úr rotþróum með reglubundnum hætti.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun